



- Þjóðlegur staðall -

ÍST 130 Upplýsingatækni – íslenskar kröfur

Hönnuðir íslenskra upplýsingakerfa hverða að geta sett fram íslenskar hönnunarforsendur. Forsenda þess er að hafa íslenskar kröfur í upplýsingatækni á hreinu. Þær er að finna í staðlinum ÍST 130 *Upplýsingatækni – íslenskar kröfur*.

Ekki bara tölvutækni

Í árdaga tölvuvæðingarinnar var vélbúnaður ekki til þess fallinn að mæta mismunandi kröfum þjóða um ýmis atriði í framsetningu ritaðs máls, t.d. birtingu dagsetninga. Þá var yfirleitt ekki um annað að ræða en beygja sig undir þær takmarkanir sem tölvurnar settu eða reyna á einhvern hátt að laga tölvurnar að þeim kröfum sem áttu við hverju sinni. Það gat verið ærið kostnaðarsamt. Síðan þá hafa orðið stórstígar framfarir í tölvutækni, sem gera mönnum lífið léttara í þessum efnum. Nú er ekkert tiltökumál að velja stillingar fyrir einstök lönd í stýrikerfum og fá þannig upp stafasett er hæfir íslensku eða öðru tungumáli. Mismunandi venjur þjóðanna eru áfram til staðar.

Notagildi staðalsins er ekki bundið við tölvubúnað því upplýsingatækni er miklu víðfeðmari en svo. Allir þurfa að vita hvernig íslenskum orðum er raðað í stafrófsröð. Hvort kemur á undan, lítið a eða stórt A? Hvort kemur á undan, e eða é? Hvað þýðir dagsetningin 9.6.2004? Þýðir hún 9. júní eða 6. september 2004? Hverjir eru kótarnir fyrir Ísland og íslensku í alþjóðlegum stöðlum? Hvernig á að rita tölvupóstföng, númer bankareikninga og utanáskriftir á umslög? Hvernig eru séríslenskir bókstafir umritaðir

fyrir önnur tungumál? Þessum spurningum og mörgum fleirum svarar ÍST 130 *Upplýsingatækni – íslenskar kröfur*. Staðallinn er bæði á ensku og íslensku því hann er ómissandi öllum sem starfa í íslensku umhverfi, útlendingum ekki síður en Íslendingum.

Breytingar

Staðallinn var fyrst gefin út sem forstaðall árið 1997. Með núverandi útgáfu hefur uppbygging staðalsins verið einfölduð og köflum fækkað og þeir sameinaðir. Helstu breytingarnar eru þær, að skerpt er á hlutverki staðalsins sem kröfustaðals og kröfur varðandi dagsetningar hafa verið einfaldaðar. Reglum um röðun hefur verið breytt þannig að nú raðast litlir stafir á undan stórum á öðru raðþrepi. Bætt er við tilvísun í ETSI normskjal um íslenskt 12 stafa lykilorð fyrir farsíma. Leiðbeinandi reglum sem varða umritun úr tælensku er bætt við. Ennfremur er fjallað í staðlinum um venjur við prentfrágang. Umfjöllun um íslenska fornstafi er nú í viðauka staðalsins í stað þess að vera í meginmáli.



Hvernig er íslenskum orðum raðað í stafrófsröð?

Hvort kemur á undan, lítið a eða stórt A?

Hvort kemur á undan, e eða é?

Nánari upplýsingar fást hjá Staðlaráði Íslands. Hægt er að panta staðallinn ÍST 130 á vef Staðlaráðs, www.stadlar.is.

Frumvörp um skjalastjórn - bls. 2

Umbætur í hugbúnaðarhúsum - bls. 3

Staðlar út yfir gróf og dauða - bls. 4

- Tilraunasamfélag um rafræn viðskipti -

Stuðningur ríkisstjórnarinnar

Á ríkisstjórnarfundum 27. apríl síðastliðinn samþykkti ríkisstjórn Íslands, að tillögu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðuneytis, að styðja áfram við verkefnið „Ísland – tilraunasamfélag fyrir rafræn viðskipti“. Með því er tryggt að verkefnið haldi áfram að þróast og að Íslendingar haldi því frumkvæði sem þeir hafa haft í verkefninu.

Líkön fyrir önnur lönd

Tilraunasamfélagsverkefnið byggir á aðferðafræði og módeli sem á uppruna sinn að rekja til aðdraganda stofnunar SARÍS, Samráðs um rafrænt Ísland. Módelið, sem er kortlagning á lykilþáttum rafrænna viðskipta, var þróað í tengslum við þátttöku Fagráðs Staðlaráðs í upplýsingatækni, FUT, í vinnunefnd á vegum evrópsku staðlasamtakanna CEN. Nefndin var sett á laggirnar að ósk Evrópusambandsins til að greina hindranir í þróun rafrænna viðskipta í Evrópu og koma með tillögum til úrbóta. Hugmyndin um tilraunasamfélög fyrir rafræn viðskipti varð ein af tillögum nefndarinnar. Tilgangurinn er að koma á fót viðskiptasamfélögum sem gætu þjónað sem rafræn viðskiptalíkön fyrir önnur lönd. Þar með náist fyrir það markmið að lítil



Guðbjörg Björnsdóttir, framkvæmdastjóri FUT og Rúnar Már Sverrisson, formaður FUT.



og meðalstór evrópsk fyrirtæki nýti sér rafræna tækni, ekki síður en stóru fyrirtækin. Þannig mætti auka hagræðingu og viðskipti, bæði innan landa og milli landa í Evrópu.

Næstu skref

Samstarfsaðilar Íslands í verkefninu eru í Finnlandi, Eistlandi, Hollandi og Rúmeníu, auk þess sem fyrirtæki í Bretlandi hefur tekið þátt frá upphafi. Um þessar mundir er unnið að myndun nýrrar verkefnisstjórnar sem mun stýra þróun verkefnisins, þar á meðal samstarfi við hagsmunaaðila um verkefna- val, kynningu og fjáröflun. Verkefnisstjórnin

verður með starfsmenn bæði á Íslandi og í Brussel. Á þessu ári verður lögð áhersla á að styrkja enn frekar undirstöður verkefnisins, samstarfsnet og aðferðafræði. Skipulega verður unnið að því að greina þau verkefni sem þörf er á að vinna, leita fjármuna til að hrinda þeim í framkvæmd og efla sambönd við þá sem eiga beinna hagsmuna að gæta. Horft er til rannsóknaráætlana Evrópusambandsins um fjárstuðning auk þess sem leitað verður til norrænna sjóða með tilvísun í nýlega stefnumótun Norðurlanda á sviði rafrænna viðskipta.

- Athugasemdir óskast -


Frumvörp að stöðlum um skjalastjórn

Tvö ný frumvörp að stöðlum um skjalastjórn hafa verið auglýst til umsagnar í Staðlatíðindum á vef Staðlaráðs, www.stadlar.is. Frumvörpin eru íslensk þýðing á staðlinum ISO 15489-1 *Upplýsingar og skjalfesting – skjalastjórn. 1. hluti: Almenn atriði*, og tækniskýrslunni ISO/TR

15489-2 *Upplýsingar og skjalfesting – skjalastjórn. 2. hluti: Leiðbeiningar*.

Allir sem láta sig skjalastjórn skipta eru hvattir til að panta frumvörpin á vef Staðlaráðs, www.stadlar.is. Frestur til að skila inn athugasemdum við frumvörpin rennur út þann 15. ágúst 2004.

ISO 9001 fyrir lítil fyrirtæki - Leiðsögn



Pantaðu á www.stadlar.is

- ISO/IEC 90003 -

Verkfæri fyrir gæðaumbætur í hugbúnaðarfyritækjum

ISO/IEC 90003 tiltekur bestu aðferðir „Lsem hlotið hafa alþjóðlega viðurkenningu. Staðallinn kemur öllum hugbúnaðarfyritækjum að gagni. Litlu máli skiptir á hvaða stigi fyrirtækin eru þegar þau byrja. Aðalmálið er að þau ætli sér sannarlega að bæta gæðin.“ Þetta segir Victoria Hailey, sem verkstýrði alþjóðlegum hópi sérfræðinga við gerð staðalsins ISO/IEC 90003:2004, *Software engineering – Guidelines for the application of ISO 9001:2000 to computer software*. Staðallinn tekur til allra verkþátta við gerð tölvuhugbúnaðar, frá þróun til sölu, afhendingu, starfrækslu og viðhalds.

Byggir á grunnkröfum ISO 9001

Eins og heiti staðalsins gefur til kynna, byggir ISO/IEC 90003 á grunnkröfunum í gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001:2000. Staðallinn inniheldur leiðsögn fyrir hugbúnaðaridnað sérstaklega. Ekki er vottað eftir staðlinum en hann kemur að góðu gagni hjá hugbúnaðarfyritækjum sem stefna að vottun samkvæmt ISO 9001 eða eru þegar með vottað gæðakerfi.



Aðalmálið er að fyrirtækin ætli sér sannarlega að bæta gæðin.

Mikill viðburður

Victoria Hailey sagði útgáfu ISO/IEC 90003 vera viðburð í heimi hugbúnaðarverkfræði. Auk þess að veita leiðsögn um hvernig innleiða eigi ISO 9001 í hugbúnaðarumhverfi, þá skapi útgáfa staðalsins möguleika á að ná sammæli um leiðir sem hingað til hafa byggst á mörgum mismunandi stöðlum. Andy

Coster, aðalritstjóri við gerð staðalsins, bendir ennfremur á að staðallinn visi til margra annarra sértækra staðla sem eru þegar notaðir við gæðastjórnun í fyrirtækjum.

Staðallinn ISO/IEC 90003 fæst hjá Staðlaráði Íslands.

Sveinn V. Ólafsson, verkfræðingur hjá Staðlaráði Íslands.

ÍST 130:2004

Upplýsingatækni – Íslenskar kröfur


Hönnuðir íslenskra upplýsingakerfa verða að geta sett fram íslenskar hönnunarforsendur.

Forsenda þess er að hafa íslenskar kröfur í upplýsingatækni á hreinu.

Þær er að finna í staðlinum

ÍST 130 *Upplýsingatækni – íslenskar kröfur*.

Staðallinn fæst á www.stadlar.is





- Þjónusta -

Staðlar út yfir gröf og dauða


Það verður ekki þverfótað fyrir stöðlum“, segja sumir og stynja þungan. Þeir tengja staðla gjarna við skrifræði og aðför að skapandi hugsun. „Það á að steypa alla í sama mót“, segja þeir, og beina ásakandi fingri til Brussel. Þeir sem vita betur vita, að án staðla væri mun erfiðara að fóta sig og tíminn sem ætti að verja í að skapa, færi í að leysa sömu vandamálin aftur og aftur. Betra er að leysa þau í eitt skipti fyrir öll með stöðlum. Það væri til dæmis tímafrekt og leiðinlegt að mixa ljósaperu í fatningu í hvert sinn sem skipt væri um peru; tálga rafhlöðu í vasaljós; læra ný umferðarmerki þegar ekið væri í nýju landi; ráða í ólíkar meðferðarmerkingar fyrir fatnað. Og fáir hafa gaman af því „sköpunarstarfi“ að leita uppi straumbreyta og klær í útlöndum til að koma hárfurrkunni eða tölvunni í samband, en á því sviði vantar einmitt víðtækari staðla. Þeir sem vita betur vita líka að Evrópusambandið býr ekki til neina staðla. Það gera aðeins þeir sem hafa hagsmuni af því að nota staðlana. Staðlarnir eru svo til frjálstra afnota fyrir alla.



Staðlar í útfararþjónustu

Staðlaráð heldur stundum á lofti slagorðinu „Staðlar létta þér lífið,“ og bætir gjarna við einhverju lýsandi dæmi, svo sem: „Þegar þú ferð í lyftu“, en ýmsir staðlar varða öryggismál í lyftum. Í ljósi nýrra verkefna á staðla-sviðinu væri hægt að bæta um betur og segja: „Staðlar létta þér lífið – Þegar þú ert dauður.“ Evrópsku staðlasamtökin CEN hafa nefnilega verið að athuga hvort staðlar gætu komið að gagni í útfararþjónustu. Athuginin er gerð að beiðni Evrópusambandsins (ESB) og er hluti af miklu stærra máli sem varðar innri markaðinn svonefnda. Mikið hefur áunnist við að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum

í viðskiptum með vörur, en þar hafa sameiginlegir evrópskir staðlar leikið lykilhlutverk. Í stað þess að tiltekna vörur þurfi að uppfylla margar og mismunandi kröfur í hverju landi Evrópska efnahagssvæðisins (EES), má markaðssetja þær í öllum löndum svæðisins án hindrana, enda uppfylli vörurnar tiltekna staðla og þar með kröfur viðeigandi tilskipunar ESB. Framleiðendum er frjálst að uppfylla kröfur viðeigandi tilskipana án þess að styðjast við staðla. Notkun staðla er hins vegar auðveldasta og ódýrasta leiðin til þess. Sömu markmið eru höfð að leiðarljósi í sambandi við þjónustu, og útfararþjónusta er þar ekki undanskilin. Þetta kann að hljóma undarlega í eyrum margra á Íslandi en í Hollandi og Belgíu, til dæmis, þætti eðlilegt að útfararþjónustur beggja vegna landamæra landanna uppfylltu sömu grundvallarkröfur. Slíkt fyrirkomulag er reyndar forsenda heilbrigðra viðskiptahátta og neytendaöryggis á innri markaði EES. Menn geta sennilega dáið án staðla, en lífið yrði ekki eins skemmtilegt og skapandi ef þeirra nyti ekki við. „Staðlar létta þér lífið.“



Staðlar létta þér lífið...

... þegar barnið leikur sér að kubbum.

Staðallinn ÍST EN 71-1:1998 Öryggi leikfanga – 1. hluti:Kraftrænar og efnislegir eiginleikar, er einn fjölmargra íslenskra staðla sem fjalla um öryggi leikfanga.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.